

| tíska | tíðarandinn | heilsa | leikhús | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

með beltin spenn

MATUR

» Heimalagað marmelaði

KÁNTRÝ OG DANSTÓNLIST

» Brennsla Svölu Björgvins

SKÓLABÖLLIN

» Unglingar og eftirlit foreldra

ALDREI HRÆDD

» *Ásta Sigurðardóttir*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
22. - 28. september



Kringlan

EGG Smáratorgi

- allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

Atmos leðursófi **159.900 kr.**

Atmos leðurkollur **14.900 kr.**

Púði **1.999 kr.**



95.990 kr.

Ísskápur, **Baumatic Retro1**
2900296



30% afsláttur

Loftljós
5999826



5.795 kr/m²

Parket, natur, eik-planki
146006



1.999 kr.

Hitabrúsi, **Parlene**
2900528



2.999 kr.

Veggklukka
2900296



599 kr.

Undirdiskur úr basti
2001135/36



599 kr.

Kertastjaki, **Poly**, 30 sm, sv/hv
2900007



4.725 kr.

Brauðrist svart/stál
1850080



879 kr.

Handklæði
2902732



9.990 kr.

Samlokugrill
1850049



799 kr.

Myndarammi, **Poly**
2900011



4.300 kr.

Hnífapör, **Aida**
1850080



20



14

Petta helst

- 7 Hver er sá veggur...
- 8 Pegar kalt er úti
- 10 Brennsla Svölu Björgvins
- 12 Öll eitt - en ekki eins:
Málþing um fjölmenningu

Greinar og viðtöl

- 14 Skólaböllin:
Unglingar og eftirlit foreldra
- 18 Arndís Jóhannsdóttir:
Efnið leiðir mig áfram
- 20 Ásta Sigurðardóttir: Aldrei hrædd

Hann/hún

- 28 Heimalagað marmelaði
- 32 Förðun með haustlitunum frá Dior
- 34 Sigríður Björg Tómasdóttir elur upp
- 36 Tíska: Haustlitaferð á Þingvöll
- 38 Uppruni hlutanna: Háir hælur
- 40 Stjörnuþá
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 42 Tannhirða barna
- 44 Heilsuráð fyrir stíjandi fólk

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



28



32

birta

22. – 28. september 2006 nr. 38

ÚTGÁFUFEÐLAG: 365

RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
kristineva@frettabladid.is

ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000

DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:

Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797

Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796

Ragna R. Rúnarsdóttir / ragna.rosa.runarsdottir@365.is

Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 896 6677

Audur Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is

Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365

Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

FORSÍÐUMYND: HEIÐA

NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

NÝR VEITINGASTAÐUR

Í **HJARTA** MIÐBÆJARINS



GEYSIR

Bistro & Bar



GEYSISHÚSINU

Aðalstræti 2

101 Reykjavík

s: 5174300



Góðar veitingar...

í fallegu og vinalegu umhverfi...

í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins.

Mynd: VILHELM

Texti: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR

Hver er sá veggur ...

„Regnboginn myndast þegar stefnubreyting verður á ljósgeisla vegna áreksturs við vatnsdropa...“ „Regnboga sjáum við þegar staðbundið skúraveður og sólskin fara saman og þá oftast þegar við erum sjálf á uppstyttusvæði. Ef skúraveðrið skilar sér ekki getum við gengið að regnboganum vísu í fossúða í sólskinu.“ Þannig er náttúrufyrirbærinu regnboganum meðal annars lýst á Vísindavef Háskólans. Vísindin segja okkur líka að á morgnana

sjáist regnboginn í vestri en síðdegis í austri, sem sagt öfugt við sólina. En því er Birta að grufla í þessum fræðum að haustinu fylgja skúrir og skúrunum fylgja regnbogar ef sólín skín líka. Þegar regnbogann ber fyrir augu hugsum við samt sjaldnast um hvernig hann verður til heldur fyllumst lotningu yfir fegurðinni og freistum þess að komast undir annan hvorn endann því þá höfum við hitt á óskastund.



| heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Víð stofuhita

Ískalt

KÁPUR. Sérstaklega þær sem eru í sterkum litum.

JAKKAFÖT MEÐ VESTI. Svólítið breskt og heimlíkið James Bond.

KITSCH. Krúttlegt en þreytandi til lengdar.

VEL SNYRT SKEGG. Það á að vera villt eða ekki til staðar.

LIMMÓSÍNUR. Alvöru karlmenn og konur keyra sjálf.

ÞEGAR KALT ER ÚTI

Það er ástæðulaust að örvænta þótt sumarið sé á bak og burt, jafnvel þótt þú sért haldin(n) ólæknandi útiverubakteríu. Kólnandi veður neyðir mann ef til vill að eyða fleiri stundum innandyra, en ekki er þar með sagt að maður þurfi að verja tímanum við gluggann og hugsa um allt það skemmtilega sem hægt væri að gera við betri veðurskilyrði. Það er nefnilega fullt af áhugaverðum hlutum sem maður getur tekið sér fyrir hendur inni, það þarf einfaldlega að virkja aðeins heilasellurnar til að koma auga á þá. Virki það ekki eru hér nokkur ráð til að gera inniveruna sem ánægjulegasta.

NJÓTTU ÞESS AÐ LESA GÓÐA BÓK OG HLUSTA Á TÓNLIST Sértu búin(n) að fá nóg af eigin plötusafni er um að gera að ráðast á það næsta. Kíktu upp á háaloft hjá mömmu og pabba, ömmu og afa eða gamallar frænku. Tónlistarsmekkur annarra kemur oft skemmtilega á óvart auk þess að opna augu þín fyrir einhverju nýju.



ÞAÐ ER TILVALIÐ AÐ SKOÐA MYNDIR EÐA MYNDBANDS-UPPTÖKUR frá sumrinu, bæði til að rifja upp allar góðu stundirnar sem eru að baki og minnst þess að þótt allt geti virst grátt og leiðinlegt í augnablikinu eru ekki nema nokkrir mánuðir í næsta sumar.

GETIRÐU ENGAN VEGINN SÆTT ÞIG VIÐ AÐ SUMARIÐ SÉ LIÐIÐ skaltu einfaldlega afneita því. Tjaldaðu í stofunni, slökktu ljósin, kveiktu á vasa-ljósi og láttu eins og þú sért í útilugu. Það getur verið gott að lækka aðeins stofuhitann og spila náttúrlífshljóð til að auka á áhrifin.



GRAFÐU UPP GAMLA GÓÐA LEIKHÚSKÍKINN og skelltu þér á sýningu, leiðist þér heima fyrir. Íslenskt leikhúslíf stendur í blóma um þessar mundir og því ættu allir sannir listunnendur að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem mönnum líkar dramatísk leikverk, framúrstefnuleg dansverk eða froðukenndir söngleikir.

KEYPTU KROSSGÁTUBÓK Fyrir utan að krossgátur övi heilastarfsemina, bæti orðaforðann og hækki almennt greindarvísitöluna geta þær verið ótrúlega skemmtilegar.



© 2014 Nestlé

AERO BUBBLES
SÚKKULADÍKI Í LLIP
SEM BRÁÐNA Í
MUNNINUM!
LÍFENGAR SÚKKULADÍKJÓLLUR MED MINTUBRAGÐI





brennslan mín ...

Svala Björgvinsdóttir

Með breiðan tónlistarsmekk

Svölu Björgvinsdóttur söngkonu þarf vart að kynna, enda verið í mikið í sviðsljósinu fyrir söng og lagasmíðar. Hún verður áberandi á næstunni þar sem hún mun taka þátt í sínfóniútonleikum sem faðir hennar Björgvin Halldórsson stendur fyrir í Laugardagshöllinni 23.-24.september og flytja lög á Airwaves með bandinu sínu Stedd Lord, electróhljómsveit sem stofnuð var í fyrra.

Svala segist vera með breiðan tónlistarsmekk, þar sem hún sé alin við hlustun á allt frá Ellu Fitzgerald, Led Zeppelin og upp í háklassíska tónlist. „Ég hef alltaf haldið mikið upp á kántrýtónlist og fíla flytjendur á borð við Johnny Cash og Dolly Parton,“ segir Svala. „Danstónlist hefur ávallt verið mér hjartkær, sömuleiðis hip hop og gott rokk frá hljómsveitum á borð við Guns N' Roses, Nirvana og A Perfect Circle.“ Hér að neðan er tíu lög sem eru í miklu upphaldi hjá Svölu.

LAG 1	Bryan Ferry - Slave to love. Eitt fallegasta lag sem hefur verið samið. Fæ aldrei leið á því. Allt sem Bryan Ferry gerir er fullkomið.
LAG 2	Bodyrox - Yeah yeah. Sjúk endurhljóðblöndun sem David Ramirez gerði. Electro house af bestu gerði!
LAG 3	Gazebo - Lunatic. Held mikið uppá þennan tónlistarmann, sem er betur þekktur fyrir 80s-slagarann „I like Chopin“. Lagið „Lunatic“ er algjör snilld.
LAG 4	Michael Jackson - Speed Demon. Quincy Jones og Michael voru á annarri plánetu þegar þeir gerðu Bad-plötuna og þetta lag er rugl. Svalasta lag sem til er frá upphafi til enda.
LAG 5	Booka Shade - In White Rooms. Æðislega fallett lag en um leið klíkkaður danssmellur. Booka Shade drottmar!
LAG 6	Metro Area - Jersey Chica. Geðveikt lag en allt sem Metro Area skapar er hreinlega frábært. Ótrúlega flott minimalískt elektró funk.
LAG 7	Chromeo - You're so Gangsta. Verð að nefna Chromeo sem er ein af mínum upphalds hljómsveitum. Flott efni. Get ekki beðið eftir næstu plötu.
LAG 8	Doobie Brothers - It Keeps You Running. Ég elska hljómsveitina og lagið er svakalega „smooth“ og kúl. Michael McDonald er með flottustu rödd í heimi og textinn er frábær.
LAG 9	Mark Scott - I Don't Wanna Come Down. Ég DÝRKA þetta lag. Það er úr bíómyndinni Breakin' 2 sem er með eindæmum góð og hafði mikil áhrif á mig í æsku. Pappann á gólfid og upp með griffurnar!!!!
LAG 10	Gwen Guthrie - Nothing Goin' on but the Rent. Eitt flott-asta 80s funk lag sem gert hefur verið. Það eina sem ég vil gera þegar ég heyr þetta lag er að DANSA.

HEIMAVÖRN SECURITAS



» birta mælir með ...

... NUDDI Á MECCA SPA Á HÓTEL SÖGU.

Góð leið til afslöppunar sem skilar manni endurnærðum út í lífið. Ekki spillir afbragðsgóð þjónusta fyrir, sem maður hélt að væri liðin undir lok á Íslandi.



... KVIKMYNDINNI VOLVER EFTIR LEIKSTJÓRANN PEDRO ALMODOVAR

sem sýnd er á kvikmyndahátíð um þessar mundir, en hún segir af þremur ætliðum kvenna sem lenda í heldur óvenjulegum aðstæðum. Framsetning,

áhugaverð framvinda á sögu og góður leikur, með Carmen Maura og Penélope Cruz fremstar í flokki, tryggja góða skemmtun.

... **LEGO STAR WARS.** Nú er komin framhaldsleikur í þessari frábæru seríu. Spilaðu allar hetjurnar þínar í StarWars í Lego-heimi þar sem allt sem skemmist brotnar niður í kubba. Frábær leikur fyrir unga sem aldna, hann er bæði skemmtilegur og ótrúlega fyndinn.



Rafmagnsteningur

NÝTT

Hver kannast ekki við það endalaus erfíð sem það er að kasta teningum, til að mynda þegar verið er að spila borðspil?

Á vefsíðunni www.thinkgeek.com er boðið upp á lausnina á þessum hvítleiða vanda. Þú pantar þér einfaldlega rafmagnstening, setur hann saman og lífið öðlast nýjar viddir.

Þú þarft reyndar að hafa lágmarksþekkingu á rafmagnsfræði, eða í það minnsta að geta notað lóðbolta og eiga gott með að lesa skýringamyndir. En slíkir smámunir eru hjómið eitt í samannburði við þá ánægju sem rafmagnsteningurinn getur fært þér. Hann notar sjö LED-ljósdióður til að sýna mismunandi útkomu á bilinu 1 til 6, algjörlega af handahófi. Ljósín gera þér líka mögulegt að spila í algjöru myrkrum - nokkuð sem við höfum aðeins getað látið okkur dreyma um hingað til.

Fyrir utan að teningurinn komi ósamsettur má segja að hans helsti galli sé að til þess að fá nýja tölu á hann þarf eiginlega að ... jú, mikið rétt hjá þér: Hrista hann.



Þetta er hárnæring



Hjá Námsmannabjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Gott dæmi um það eru ódýrari námsbækur og föt, þú færð 10% afslátt af öllum vörum í Office 1 og Retro auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Gerðu **mikið** úr litlu!

Egg er frábær hárnæring og eggjahvítu er líka hægt að nota fyrir gel. Nuddaðu egginu í hárið, bíddu nokkrar mínútur og skolaðu vel. Náttúrulegt, ódýrt og skemmtilegt!



SPARISJÓÐURINN
Námsmannabjónusta



Á morgun fer fram athyglisvert málþing í Fella- og Hólakirkju um fjölmenningu í Breiðholti undir yfirskriftinni „öll eitt - en ekki eins.“ Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni í kirkjunni er ein þeirra sem hefur haft veg og vanda að undirbúningi málþingsins.



» ÖLL EITT - EN EKKI EINS

HVAÐ ER LITRÓF?

Þegar ég hóf störf í kirkjunni lögðum við upp með það að vinna náið með innflytjendum, þar sem stór hópur fólks af erlendum uppruna er búsett í efra Breiðholti. Við settum því af stað verkefni með það að markmiði að efla samskipti á milli Íslendinga og innflytjenda, eyða fordómum og efla skilning fólks á hvoru öðru. Verkefninu var aldrei ætlað að vera fyrir innflytjendur heldur með innflytjendum. Verkefnið hlaut nafnið „Litróf“ til þess að minna okkur á fjölbreytileika mannlífsins og mikilvægi þess að við fáum öll að njóta okkar eins og við erum.

HVAÐ FELST Í VERKEFNINU?

Á morgun verður haldið haldið málþing í Fella- og Hólakirkju sem hefst klukkan 10 um morguninn. Á málþinginu verður rætt um stöðu innflytjenda í hverfinu, hvað verið er að gera með og fyrir innflytjendur til þess að aðlaga þá betur að samfélagi okkar. Við munum velta fyrir

okkur spurningunni hvort fordómar séu fyrir hendi og hvernig hægt sé að stuðla að aukinni virðingu fyrir hvoru öðru.

HVERJIR KOMA AÐ VERKEFNINU?

Við erum í samvinnu við Þjónustumiðstöðina í Breiðholti, félagsstarfið sem fer fram í Gerðubergi, heilsugæsluna í Breiðholti og auðvitað innflytjendurna sjálfa sem búa í hverfinu.

HVAÐA VIÐTÖKUR HEFUR VERKEFNIÐ FENGIÐ?

Toshiki Toma prestur innflytjenda segir mér að innflytjendur séu þakklátir og áhugasamir um þetta verkefni. Það hefur komið fram að fólk er ánægt með það að kirkjan sé að taka þátt í slíku starfi. Þetta er vissulega þróunarverkefni sem við verðum stöðugt að þróa og meta, við fengum styrk frá Þjóðkirkjunni til þess að sinna þessu verkefni og við erum afar þakklát fyrir það. Sóknarnefndirnar styðja allar við bakið á þessu verkefni og

ég er mjög bjartsýn á að þetta muni takast afar vel upp.


HVERJU VONAR ÞÚ ÞETTA VERKEFNI MUNI SKILA?

Ég vona að kirkjan verði vettvangur fyrir fólk til þess að hittast og koma saman. Við viljum sýna að kirkjan stendur fyrir kærleikum og að hann er hafinn yfir allt annað, hvort sem það er kynþáttur, litarháttur, eða trúarbrögð.

FYRIR HVERJA ER MÁLÞINGIÐ?

Við viljum sjá fjölskyldur og fólk á öllum aldri, bæði íslendinga og fólk af erlendum uppruna. Við viljum fá allt litrófið af fólki á málþingið. Það er svo jákvætt að byggja upp gott samfélag og það er það sem við viljum öll gera. Málþingið verður sett klukkan 10 af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni og stendur til 13:00. Það er opið öllum og aðgangur er ókeypis, en mælst er til þess að fólk skrái sig áður með því að hafa samband við kirkjuna.


SJÓNVARPSÚRVALIÐ



**15"
LCD**

29.995

Roadstar LCD-1560K
15" LCD sjónvarp. Upplausn 1024X768
Birta 250 cd/m2. Skerpa 500:1. Fjólkerfa
Allar aðgerðir á skjá. Textavarp. Scart tengi



**19"
LCD**

79.995

LAVA LV-19LLF
19" LCD sjónvarp. Upplausn 1280X768
Birta 450 cd/m2. Skerpa 800:1. Fjólkerfa
Allar aðgerðir á skjá. Textavarp. Scart tengi



**20"
LCD**

69.995

DAEWOO DLP-20D3N
20" LCD sjónvarp. Upplausn 640X480
Birta 500 cd/m2. Skerpa 800:1. Fjólkerfa
Allar aðgerðir á skjá. Textavarp. Scart tengi



**20"
LCD**

74.995

LG 20LC1R
20" LCD sjónvarp. Upplausn 640X480
Birta 550 cd/m2. Skerpa 500:1. Fjólkerfa
Allar aðgerðir á skjá. Textavarp. Scart tengi



**32"
LCD**

149.995

ELFUNK LT-3220HD
32" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366X768. Skerpa
800:1. Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 12ms. DVI tengi
2 scart tengi. S-Video tengi. Nicam stereo. Mynd í mynd
Mynd og textavarp. Veggfesting fylgir



**32"
LCD**

144.995

DAEWOO DLP-3212
32" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366X768. Skerpa
500:1. Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 12ms. DVI tengi
2 scart tengi. S-Video tengi. Nicam stereo. Mynd í mynd



**32"
LCD**

249.995

LG 32LP1RS
32" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366X768. Skerpa
1200:1. Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 8ms. HDMI tengi
DVI-I (HDCP). Tölvutengi. 2 scart tengi. S-Video tengi
Nicam stereo. XE Engine 2 Frábær myndgæði



**42"
PLASMA**

259.995

LG 42PC1R
42" LCD háskerpu plasma sjónvarp. Upplausn 1024X768. Skerpa 10.000:1
Birta 1.200 cd/m2. HDMI tengi (HDCP). DVI-I (HDCP). Tölvutengi. 2 scart tengi
S-Video tengi. Nicam stereo. XE Engine 2 Frábær myndgæði



**37"
LCD**

249.995

LG 37L2RB
37" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366X768. Skerpa 1600:1. Birta 500 cd/m2
Viðbragðstími 8ms. HDMI tengi (HDCP). DVI-I (HDCP). Tölvutengi. 2 scart tengi
S-Video tengi. Nicam stereo. XE Engine 2 Frábær myndgæði



**42"
PLASMA**

249.995

ELFUNK LT-4210HD
42" Háskerpu plasma sjónvarp. Upplausn 1024 X 768. Skerpa 6000:1
Birta 1200:1. HDMI tengi. PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video inngangur



**27"
LCD**

99.995

ELFUNK LT-2710HD
27" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366X768. Skerpa 800:1
Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 12ms. DVI tengi. 2 scart tengi
S-Video tengi. Nicam stereo. Mynd í mynd. Veggfesting fylgir

www.radio.is

RADIÓBÆR

ARMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

Unglingar og eftirlit foreldra

Skólaböll framhaldsskólanna eiga að vera áfengislausar skemmtanir en þó hefur brunnið við að unglingar komi mjög ölsaðir heim af þeim. Mikilvægt er að foreldrar ræði við börnin sín og setji þeim skýrar reglur sem verður svo auðvitað að fylgja eftir. Birta hafði samband við nokkra einstaklinga sem málið er skylt á einn eða annan hátt og fékk þá til þess að segja sína skoðun á skólaböllum og eftirliti foreldra.

Hjalti Pálsson

Nemandi í Kvennaskólanum í Reykjavík

Hjalti er á fyrsta ári í Kvennaskólanum og hann fékk að halda bekkjarpartý fyrir busaball skólans. „Mamma var búin að gefa mér leyfi til þess að vera með partý en pabbi var ekkert rosalega hrifinn af því,“ segir Hjalti og hlær.

Hjalti segir að partýið hafi heppnast mjög vel og pabbi hans hafi verið á vaktinni þar sem mamma hans er úti í Frakklandi. „Við bekkurinn fórum fyrst út að borða og svo fórum við heim til mín og vorum þar í svona tvo tíma. Pabbi fór sjálfur út að borða á meðan við vorum með partýið en hann kom svo heim um hálf ellefu og þá vorum við búin að ganga frá öllu eftir okkur.“

Hjalti segir að þrátt fyrir að skólaböllinn eigi að vera áfengislaus sé mikið um það að fólk sé drukkið á þeim. „Ég er búinn að búa mjög lengi í Frakklandi og finn mikinn mun á drykkjunni þar og hér. Í Frakklandi má maður kaupa áfengi frá því að maður er sextán ára en samt er ekki svona mikið fylleri þar.“



Baldur Sigurðsson

dósent við Kennaraháskólann og foreldri

Baldur segir að þegar börn fari á skólaböll sé mikilvægt að foreldramir ræði við þau um böllin. „Auðvitað er misjafnt hvernig börnin eru. Sum börn þarf aldrei að tala við og maður veit að það er ekkert vesen á þeim en önnur þarf að tala við og jafnvel leggja þeim lífsreglurnar í hvert skipti. Það fer svoltið eftir því hvernig unglingurinn er hversu mikið foreldrar þurfa að passa upp á hann og hvort þeir þurfa að vaka eftir honum eða ekki en ég tel mjög mikilvægt að foreldrar bjóðist til þess að sækja krakkana eftir samkomur.“

Samráð foreldra skipti miklu máli að mati Baldurs. „Heimili og skóli hafa staðið sig mjög vel í því að fá foreldra til þess að tala saman. Lykilatriði í þessu öllu er að foreldramir tali saman og setji börnunum reglur sem eru sanngjarnar og að þeim sé fylgt eftir. Ef að foreldramir hafa samráð um reglur og eru sammála þá verða börnin að samþykka þær líka.“

Baldur segir að foreldrar verði að fylgjast vel með öllu sem börnin þeirra gera. „Börnin eiga að finna að það sé fylgst með þeim. Foreldrar ættu að hafa mjög vakandi auga á börnunum sínum fram til sextán ára aldurs og nota svo tímann frá sextán til átján ára til þess að sleppa af þeim beislinu smám saman og miða við það að þau séu orðin sjálfráða um átján ára aldur.“



SENSAI

CELLULAR PERFORMANCE

Skincare Foundation

Óviðjafnanlegur litur, næring og umönnun

Fisléttur andlitsfarði sem veitir fullkomna áferð. Hann mýkir húðina og gerir hana sléttari auk þess sem hún verður stinnari og fingerðari. Þessi einstaki farði endurnærir húð þína í dag og lætur hana ljóma á morgun. Hann veitir húðinni mun meira en undurfallega áferð og lit, hann nærir og fegrar. Einstök innihaldsefni gera það að verkum að farðinn heldur áfram að dekra við húðina jafnvel eftir að hann hefur verið fjarlægður. Annarsvegar silkipúðurfarði þar sem kremfarði og silkipúður eru saman í einni órjúfanlegri heild og hins vegar kremfarði sem vinnur gegn öldrun húðarinnar.

www.kanebo.is

Kanebo
INTERNATIONAL

Elín Thorarensen

framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

Elín segir að mikilvægt sé að foreldrar ræði við börnin sín um skólaböllin og fylgjst vel með þeim þegar þau fara á þau. „Foreldrar ættu að hlusta eftir því hjá börnunum hvernig stemningin er og svo geta þeir kynnt sér hjá skólunum hvernig staðið er að gæslu og hver stefna skólans er varðandi böllin,“ segir hún.

Ef börnin fara í party fyrir ballið segir Elín að foreldrar eigi að spyrjast fyrir um það hvort að einhver fullorðinn verði til staðar. „Partyin geta farið úr böndunum ef enginn fullorðinn til staðar og foreldrar ættu líka að hafa vitneskju um það hvernig börnin koma sér úr partyinu á ballið.“

Elínu finnst að mikilvægt sé að foreldrar sæki börnin sín á böllin að þeim loknum. „Fólk getur tekið sig saman og skipst á, en það er mjög mikilvægt að börnin séu sótt eða fá far heim.“



Arnar Ágústsson

ármaður nemendafélags Menntaskólans við Sund

Skólaböll Menntaskólans við Sund eru áfengislausar skemmtanir eins og skólaböll annarra framhaldsskóla og Arnar segir að gæslan á þeim sé mjög góð. „Við höfum ráðið Sniglanu til þess að sjá um alla okkar gæslu,“ segir hann.

Arnar segir að síðan að hans stjórn tók við hafi gengið mjög vel að halda uppi gæslu á böllunum. „Við vorum með loka-ballið síðast og nýnemaballið núna og þau fóru bæði mjög vel fram.“

Foreldrar eru mjög duglegir að fylgjast með börnum sínum þegar þau fara á skólaböll Menntaskólans við Sund að sögn Arnars. „Ég hef heyrt mikið talað um það að foreldrar og þá sérstaklega foreldrar yngri nemendanna vaki eftir þeim þegar þeir eru á skólaböllum.“

Góð ráð til foreldra

- ❖ Verið dugleg að tala við börnin ykkar og fylgjast með því sem þau eru að gera.
- ❖ Verið í góðum samskiptum við foreldra annarra barna í bekknum og vindahópnum og setjið sameiginlegar reglur sem allir fylgja eftir.
- ❖ Setjið sanngjarnar reglur.
- ❖ Leyfið ekki eftirlitslaus party.
- ❖ Vakið eftir börnunum ykkar þegar þau eru úti.
- ❖ Sækið börnin ykkar á öll skólaböll eða skiptist á við aðra foreldra um að gera það.



„Þessir
fjandar
voguðu sér inn
í svefnherbergi
dóttur okkar.“

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn.
Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma
580 7000. Við metum þérina í samráði við þig og gerum
þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er
beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.



HEIMAVÖRN

Efnið leiðir mig áfram

Arndís Jóhannsdóttir hönnuður notar íslenskt roð í hönnun sinni sem hún segir bæði fallegt og þjóðlegt efni.

“Á þeim tíma sem ég hóf að vinna með roð, eða fyrir um 22 árum síðan, voru ekki margir sem notuðust við þetta efni,” segir Arndís Jóhannsdóttir hönnuður. “Ég heillaðist af roðinu enda finnst mér það bæði táknrænt fyrir þjóðina og einnig er frábært að geta nýtt þetta hráefni sem nóg er af.”

Arndís lærði söðlasmíði í London fyrir 30 árum síðan en lagði hnakkinn fljótt á hilluna og sneri sér að töskugerð og annarri hönnun þar sem roðið ræður ríkjum. “Þetta byrjaði allt þegar ég fékk upp í hendurnar gamalt roð frá árinu 1946. Þetta var gamall lager sem hafði verið sútaður eftir stríð. Ég varð strax svo hrifin af efninu að ég sneri mér alveg að því og fór að vinna úr því. Lengi vel var svo ekki hægt að fá sútað roð hér á landi en fyrir um 15 árum hóf fyrirtækið Sjávarleður aftur sútun fyrir norðan. Framleiðslan þeirra er hreint á heimsmælikvarða. Og þar sem þeir skila svo vönduðu hráefni þá hefur roðið orðið sívinsælla. Mörg stór tískufyrirtæki eins og Nike kaupa af þeim roð til vinnslu.” Töskur og skálar er það sem Arndís hannar mest af en einnig gerir hún gestabækur, armbönd, sérvéttuhringi, lyklakippur og annað smálegt. “Roðið býður upp á mikla möguleika og hægt að búa til mjög fallega hluti úr því. Hönnun mín verður alltaf einfaldari eftir því sem árin líða,” segir Arndís og hlær. “Í raun er það efnið sem leiðir mig áfram.”

Arndís selur hönnun sína í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu, Safnbúð Listasafns Íslands, í Epal Design í firrhöfninni og í Design Centre Knightsbridge í London.



Hlýraroðið er sérlega fallegt efni sem hefur fagað yfirbragð.



Arndís Jóhannsdóttir hönnuður býr til fallega muni úr roði. Vegglistaverkið sem prýðir þessa mynd er einmitt eftir hana og er úr laxaroði.





Þessi sæta taska er gerð úr laxaroði. Að innan er taskan þakin með mjúkrri gæru.



Falleg taska úr laxaroði sem myndi verða hverri konu til sóma.



Arndís hannar einnig fallegar skálar. Þessi skál er búin til úr laxaroði og er leður að utan.



BERMEO SVEFNSÓFI

þykk og góð springdýna 140x190cm





Fjölbreytt úrval áklæða með óhreinindavörn sem hægt er að taka af og þvo.



LLANES

SVEFNSÓFI

þykk og góð springdýna 120x190cm



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

SVEFNSÓFAR

Komdu í verslun okkar að Suðurlandsbraut því sjón er sögu ríkari.

ALDREI HRÆDD

Ásta Sigurðardóttir er fyrsta konan til að verða Íslandsmeistari í ralli. Hún er aðeins sextán ára gömul og ekki enn komin með bílpróf en situr við hlið bróður síns á 170 kílómetra hraða, algjörlega óhrædd og segist umfram allt hafa gaman af því að fá að vera með. Hún stefnir ótraud á að keyra sjálf í rallinu síðar meir.

Þegar viðtalið fer fram er Ásta nýkomin frá Finnlandi þar sem hún var að horfa á torfærukeppni en kærastinn hennar var í þjónustuliði fyrir einn af íslensku keppendunum. Það er augljóst að hún lifir og hrærist í kringum bíla þessa dagana. „Það var ekki fyrr en ég kynntist honum fyrir tveimur árum að ég komst inn í mótorsport. Fjölskyldan hans er öll í þessu. Báðir eldri bræður mínir eru líka bílastrákar, en þeir eru svo langt á undan mér í aldri að ég náði aldrei að vera með þeim í skúrnum,” segir Ásta aðspurð um hvaðan hún hafi fengið bíladelluna.

Foreldrar Ástu eru miklir hljóðfæraleikarar og hún hefur aðeins reynt fyrir sér á því sviði líka. Bílarnir heilla samt meira. „Ég hef spilað á trompet, píanó og fiðlu en gafst bara upp á því.“

ENGIN TILFINNING FYRIR HRAÐANUM

Ásta er aðstoðarökumaður hjá Daníel bróður sínum, sem hefur töluverða reynslu af rallinu og hefur alltaf haft konur sem aðstoðarökumenn, eða kóara eins og þeir eru yfirleitt kallaðir. „Ég les beygjur, segi Danna nákvæmlega hvar beygjurnar eru, á hvaða hraða má taka þær, hvar eru blindhæðir og hversu langir beinu kaflarnir eru.

Þetta þarf allt saman að vera á hreinu, hvort sem það er gott sjónfæri, blindapoka eða við alveg á eftir næsta bíl og sjáum ekkert fyrir ryki. Ef ég ruglast er bara eins gott fyrir mig að finna mig aftur í nótnum, það hægist svo rosalega á manni ef maður sér ekki neitt og veit ekki hvað er næst.

Það er rosalega misjafnt hvað við förum hratt. Á Kleifarvatnsleið, sem er með mörgum beinum köflum og bara einhverjum smá beygjum, erum við á 170 eða einhverju svoleiðis. Þá horfi ég á blaðið mitt og er voðalega lítið að horfa út um gluggann. Maður þarf að hafa einbeitinguna í lagi og ég hef enga tilfinningu fyrir því hvað við erum að fara hratt,” segir Ásta og segist aldrei verða hrædd með bróður sínum í bíl.

„Maður fær einstaka sinnum í magann en það er mjög sjaldan. Danni er svo góður ökumaður, ég hef aldrei verið hrædd í bíl með honum og enginn annar fær að keyra með mig á 170. Það eina sem ég er hrædd við er að það kvikni í bílnum. Það er samt mjög gott slökkvikerfi í bílnum þannig að í rauninni þarf ég ekkert að hafa áhyggjur.“

FYRSTA KONAN SEM VERÐUR ÍSLANDSMEISTARI

Þrátt fyrir að hafa ekki byrjað í rallinu fyrr en í vor hefur Ásta þegar landað Íslandsmeistaratitli með bróður sínum. Hún er fyrsta konan í sögu rallíþróttarinnar á Íslandi til að vinna þann titil, fyrsti nýliðinn sem

hampar titlinum á fyrsta tímabilinu sínu og loks er hún yngsti keppandinn, þó aðeins muni nokkrum dögum, til að verða Íslandsmeistari. Það er þó engan veginn hægt að sjá að það stígi henni til höfuðs.

„Mér finnst þetta æðislegt en datt þetta aldrei í hug. Mér fannst bara gaman að fá að vera með, það hefur verið draumurinn frá því að ég byrjaði að fylgjast með. Ég hef aldrei hugsað um að við séum að vinna eitthvað, fannst bara æðislegt að vera með. Svo unnum við fyrstu keppnina og þetta rúllaði allt einhvern veginn áfram og gekk rosa vel.“

Því getur fylgt mikið álag að keppa í ralli og Ásta segir að hún sé venjulega búin með orkuna eftir hverja keppni. „Í Alþjóðarallinu þurftum við til dæmis að vakna klukkan fimm. Þá var ekkert annað að gera en að slá sig utanundir til að vakna og koma einbeitingunni í gang um leið og maður opnaði augun. Þetta snýst allt um einbeitingu, samvinnu og að hafa allt í lagi. Svo er bara keyrt og eftir keppni er ég alveg búin á því. Þó að hinir séu að plana djamm eftir á fer ég bara að sofa.“

Systkinin byrjuðu að keyra saman í vor þegar Daníel vantaði nýjan aðstoðarökumann. „Við eyðum rosalega miklum tíma saman og erum alltaf að gera eitthvað saman. Við erum mjög góðir vinir og mjög nán þó að hann sé þrettán árum eldri en ég,” segir Ásta um samband þeirra systkina.

Ásta er sjálf ekki komin með bílpróf, enda aðeins sextán ára. Hún segir þjónustuliðið þeirra stundum hafa gert grín að því. „Á einni leiðinni í Alþjóðarallinu stóð „Æfingaakstur“ og „Ökukennsla“ á bílnum og allir hlógu að okkur,” segir hún brosandí og tekur gríninu greinilega létt.

Hún ætlar að halda áfram að keyra með bróður sínum en stefnir á að keyra rallibíl sjálf síðar meir. „Ég ætla mér einhvern tíma að keppa undir stýri, það er ekki spurning. Það vantar fleiri konur í rallið, kannski af því að þetta er stimplað sem strákasport. Það eru mjög fáar konur í bílaþróttum yfirhöfuð, sennilega mest í go-kartinu. Úti í Finnlandi var til dæmis bara ein kona að keppa í torfærunni. En hún var líka langflottust,“ bætir Ásta við brosandí. „Konur hafa alveg jafn mikið að gera í þetta og karlar.“

BIFVÉLAVIRKI EÐA DÝRALÆKNIR

Fyrir utan allsérstaka frístundaiðju er Ásta ósköp venjuleg sextán ára stelpa, lífsglöð og hress, og segist alveg hafa tíma til þess að njóta lífsins þó að rallið taki mikinn tíma. „Ég hef til dæmis farið í átta útilegur í sumar og er búin að hafa það mjög gaman. Ég er líka búin



Ég er er ekki stelpa sem fer í mínipilsí með fölsuð skilríki niður í bæ þó að jafnöldru mínar geri það. Ég vil frekar gera eitthvað annað, er ekki frá því að ég sé smá spennufíkill.

að vera að vinna í Baby Sam í sumar en hinn bróðir minn, hann Marian, og konan hans eiga búðina. Svo er ég líka í annarri vinnu sem ég ætla að halda með skólanum í vetur og svo þegar ralið er búið taka við jeppaferðir með kallinum.“

Ásta er í Borgarholtsskóla og er á félagsfræðibraut en gæti vel hugsað sér að söðla um. „Ég er bara að læra íslensku, stærðfræði og ensku og er að verða mjög þreytt á því, þannig að næstu önn ætla ég að prófa að fara í bifvélavirkjun, bara til að vera búin að prófa það. Þá er ég búin að komast að því hvort þetta sé eitthvað sem mér finnst gaman eða ekki.

Annars er ég mesta dýrakona í heimi. Ef það væri hægt að læra dýralækninn hérna heima þá væri ekki spurning að ég væri búin að hugleiða það. Eða að vera bóndi. En maður þarf bara að fara í burtu til að læra þetta. Ég veit ekkert hvort ég ætla endilega að vinna við bifvélavirkjunina. Mig langar bara svo að læra hana til að vita hvað er í gangi, hafa eitthvað til míns máls í skúrnum og geta gert við minn eigin bíl. Mig langar að læra allt í heiminum en veit ekkert hvað ég enda á því að gera.“

GAMAN AF LÍFINU

Ásta segir það hafa skipt miklu um árangurinn í sumar hvað hún og bróðir hennar séu góðir vinir og að þau séu aðallega í rallinu til að hafa gaman af því. Hún vill ekki gera



mikið úr því að vera keppnismanneskja en segist umfram allt hafa gaman af lífinu. „Maður getur ekki bara setið kyrr og sleppt því að gera eitthvað bara af því að eitthvað gæti komið fyrir.

Ég meina, við höfum alveg verið nálægt því að enda úti í móa og fólk er að spyrja mig hvort ég sé ekkert hrædd um að velta en ég hef bara sagt að ef mér sé ætlað að velta í þessu lífi, þá sé ekki til betri staður til að gera það en í rallibíl. Við erum með veltibúr utan um okkur, í fimm punkta öryggisbeltum og í eldvörðum göllum.“

Ásta segir vinkonur sínar ekki deila þessu áhugamáli með sér og finnst það frekar fyndið að hún sé að keppa í rallinu. „Ég er er ekki stelpa sem fer í mínipilsí með fölsuð skilríki niður í bæ þó að jafnöldru mínar geri það. Ég vil frekar gera eitthvað annað, er ekki frá því að ég sé smá spennufíkill. Hef til dæmis mjög gaman af því að fara í riverrafting og svoleiðis og það er á planinu að fara í fallhlífarstökk, teygjustökk og fleira í þeim dúr. Og keppa í torfæru, það er nokkuð sem ég ætla pottþétt að gera,“ segir brosandirallihetjan að lokum.

DAVIDOFF
Cool Water

GAME...

The new fragrances for him for her



STELPURNAR Í BOLTANUM

» Íslendingar eiga ekki síður frambærilegar stúlkur í boltaiþróttunum en stráka. Birta setti sig í samband við nokkrar þeirra og spurði þær um eftirminnilegustu augnablikin jafnt innan vallar sem utan.

HELENA ÓSKARSDÓTTIR ÍÐRÓTT: Knattspyrna

Helena er einn af okkar allra fremstu þjálfurum í kvennaknattspyrnu. Hún á að baki glæsilegan feril bæði sem leikmaður og sem þjálfari og á þeim ferli unnust margir góðir sigrar. „Með landsliðinu var allra sætasti sigurinn á móti Póllandi, 10-0, sem ég held að sé stærsti sigur sem íslenskt landslið hefur unnið,“ segir Helena. Af fleiri sigurum nefnir Helena Íslandsmeistaratitil KR 1993, en þá var hún leikmaður, Bikarmeistaratitil Vals, þegar hún var þjálfari þeirra, en í fyrsta sæti setur hún bikarmeistaratitil sem KR-ingar unnu árið 1999. „Þeir komust yfir, við jöfnuðum og unnum svo leikinn,“ segir Helena en þeir sem nokkurn tímann hafa spilað íþróttir vita að sigurinn verður alltaf aðeins sætari þegar maður snýr keppni sér í hag. Helena er öllu tregari til svars þegar spurt er um súrustu töpin en að lokum játar hún að það hafi verið 9-1 tap sem þjálfari Vals á móti KR. „Svo var

FÉLAG: KR
STAÐA: Þjálfari

líka ansi erfitt að tapa bikarúrslitaleik 1994 því ég átti sjálf svo mörg færi í leiknum að það var erfitt að gleyma því,“ segir Helena. „Ef ég tala sem landsliðsþjálfari var líka slæmt að tapa 7-2 fyrir Noregi í umspilsleik fyrir lokakeppni. Það var erfitt vegna þess að við gerðum síðari leikinn að engu sem gekk svo mun betur.“ Æfingaferðir hjá kvennaliðunum eru engu minna skrautlegar en hjá strákunum. Eftir nokkrar samningaumleit-anir sættust Helena og blaðamaður á birtingarhæfa sögu sem gerðist í æfingaferð í Danmörku með KR. „Þá var sett upp ljósmyndasamkeppni og okkur var skipt í nokkur lið. Það átti að taka fyrir nekt, fegurð og ýmsa aðra hluti. Þegar nektin var annars vegar var hver einasti hópur einhvers staðar í felum allsber að mynda,“ segir Helena og hlær. „Það fengu allir hópar sömu hugmyndina og það var bara afklæðst á staðnum og byrjað að mynda.“



GUÐRÚN SÓLEY GUNNARSDÓTTIR

Guðrún hefur unnið flest allt sem knattspyrnukona getur unnið hérlandis. Ekki nóg með það heldur hefur hún afrekað það að verða bandarískur meistari með háskólaliði sínu Notre Dame. „Úrslitaleikurinn var eftirminnilegasta stund ferils míns,“ segir Guðrún. „Leikurinn fór 1-1 og það var framlengt, ekkert var skoraði í framlengingu og svo unnum við í vítaspyrnukeppni.“ Guðrún fékk ekki að taka vítaspyrnu heldur var hún ein af þeim sem stóð í miðjuhringnum, nagaði neglurnar og bað til guðs. „Ég er ekki mikill markaskorari, skora svona eitt mark á tímabili.“ Guðrúnu dettur heldur ekkert eitt mark sérstaklega í hug sem markið sem stendur upp úr. Það vill loða við varnarmenn

ÍÐRÓTT: Knattspyrna
FÉLAG: Breiðablik
STAÐA: Miðvörður

að mörkin sem þeir skori séu ekki af fallegri týpunni en Guðrúnu hefur þó tekist að skora með þrumuskoti upp við samskeytin. Verst er að glæsímarkið var sjálfsmark. Íslenska kvennalandsliðið hefur á síðastliðnum árum staðið sig mjög vel, mun betur en strákarnir. Oft hafa þær verið við það að komast á stórmót en endaspretturinn ekki farið eins og best verður á kosið. „Mig dremmir um að komast með landsliðinu í lokakeppni á heimsmeistaratóti eða Evrópumóti og ég vona að það rætist.“ Næsti leikur kvennalandsliðsins er útileikur við Portúgala í undankeppni HM og það er óskandi að Guðrún setji boltann í samskeytin, rétt samskeyti það er að segja.



GUÐRÚN ÁSA KRISTLEIFSDÓTTIR

ÍPRÓTT: Blak

FÉLAG: HK / fyrrverandi landsliðskona

STAÐA: Uppspilari

LANDSLEIKIR: Um 25

„Uppspilarar smassa ekki og fara ekki á móti boltanum heldur spila honum upp fyrir aðra. Sumir segja að ég sé góður uppspilari af því að ég sé svo lítil, en ég hoppa samt mjög hátt,“ segir Guðrún Ása í gamansömum tón. Hún var búin að æfa skíði í tvö ár áður þegar hún fór á fyrstu blakæfinguna og segist strax hafa orðið mikið betri í blaki en á skíðum. „Blak passar bara vel fyrir mig.“

Sætasti sigurinn er í huga Guðrúnar Ásu þegar HK vann bikarmeistaratitilinn árið 2003 eftir leik gegn Prótti Neskaupstað. „Próttur var búinn að vinna alla titla svo lengi að það var sérlega sætt að ná þessum. Ég er hins vegar ekki nógu tapsár til að muna eftir versta tapinu, þótt það sé auðvitað aldrei gaman að tapa.“

Eins og gengur og gerist eru sumar sögurnar úr blakinu heldur vandræðalegar. „Ég var að spila með landsliðinu á móti Englandi núna um páskana og fór upp í bolta á móti svaka sleggju. Við slógum í boltann á sama tíma og hún sló svo fast að ég endaði á rassinum á gólfinu. Ensku stelpurnar urðu hálf vandræðalegar þangað til þær sáu að við hlógum bara að þessu. Svo klúðraði ég bolta í leik sem var sýndur beint í sjónvarpi. Þá lærði ég að ef maður býst við að klúðra einhverju, þá rætist það,“ segir Guðrún Ása sem telur sig hafa náð toppi sínum sem íþróttakona. „Þegar maður er farinn að nálgast þrúgt á maður kannski ekki eftir að bæta miklu við sig, en ég reyni að halda mér við.“

HELENA SVERRISDÓTTIR

ÍPRÓTT: Körfubolti

FÉLAG: Haukar og A-landslið

STAÐA: Leikstjórnandi

LANDSLEIKIR: Um sextíu unglíngalandsliðsleikir og sextán með A-landsliðinu

Helena tilheyrir mikilli körfuboltafjölskyldu en bæði foreldrar hennar og systkini eru á fullu í körfunni. „Ég var líka í fótbolta en er yfir einn og áttatíu á hæð og fann mig betur í körfunni. Ég sakna samt alltaf fótboltans,“ segir Helena. Hún segir íþróttafélög standa mjög misvel þegar kemur að kvennaíþróttum en að Haukar standi mjög vel í körfunni. „Við erum með góða stjórn og góða styrktaraðila. Sum félög eru ekki eins heppin.“

Sætasti sigur Helenu í körfunni var með unglíngalandsliðinu árið 2004. „Við unnum Svíþjóð í úrslitakeppni Norðurlandameistaramóts, litla Ísland á móti níu milljón manna þjóð, með þriggja stiga mun sem kom hjá okkur alveg í lokin.“ Súrásta tapið var hins vegar þegar Haukar töpuðu fyrir ÍR í undanúrslitum í bikarkeppninni í febrúar á þessu ári.

Helena segir að liðsfélagar hennar hafi stundum lent í því að skora í vitlausa körfu en að hún muni ekki eftir mörgu vandræðalegu sem hún hefur gert sjálf. Henni er þó eftirminnilegur bikarúrslitaleikurinn árið 2005. „Við voru þremur stigum undir og fimm sekúndur til leiksloka. Ég er að dekkja stelpu og dett einhvern veginn bara út. Þegar ég ranka við mér er hún komin með boltann og hlaupin í burtu. En það gerði sem betur fer ekkert til, hún skoraði ekki.“

Aðspurð um muninn á kvenna- og karlaíþróttum segir Helena að félagsskapurinn vegi þyngra hjá konunum. „Það er ekki eins mikil samkeppni innan liðsins, ekki eins miklir stælar. Strákarnir eru töffarar en stelpurnar vilja frekar eignast vinkonur.“



VÍNLIST BARÓNSINS:

Freyðivín nýjasta útspil Lehmann

Ástralski framleiðandinn Peter Lehmann á mörg af vinsælustu vínnum hérlandis. Lehmann sem oft er nefndur baróninn af Barossa þykir einn fremsti framleiðandi heims. Vínin eru gerð af mikilli list auk þess sem flöskurnar eru listilega hannaðar.

Hér á landi fást fjölmörg af vínnum Lehmanns og eru þau í ýmsum verðflokkum. Ódýrari vín á borð við Weighbridge-línuna bjóða upp á ferskan ávöxt og gott verð. Barossa-línan endurspeglar þetta magnaða vínræktarsvæði og ef menn eru áhugamenn um ákveðnar þrúgur er til dæmis gaman að smakka blæbrigðamuninn á Barossa Shiraz, Eight Song Shiraz og Stonewell Shiraz. Nýverið hóf svo fyrirtækið að rækta einnar ekru vín í takmörkuðu magni, toppvín sem eiga að sýna hvað býr í víngerðarmönnum fyrirtækisins. Gaman verður að smakka á þeim vínnum sem eflaust munu fást hér á landi innan tíðar.

Nýjasta útspilið er svo freyðivínið Peter Lehmann Pinot Noir Chardonnay Cuvée sem þykir með albestu kaupum í freyðivínnum og keppa við kampavín í gæðum þótt það sé helmingi ódýrara.



PINOT NOIR CHARDONNAY CUVÉE
Purrt og ferskt með miðlungs freyðingu,
ljósum ávexti, sítrus og perum.
Verð í Vínbúðum 1.290 kr.





PETER LEHMANN CLANCY'S
Ein bestu kaupin í Vínbúðunum í þungavikt-
arvíninum. Fékk nýlega 90 stig í Wine Spectator
sem telur það verulega góð kaup.
Verð í Vínbúðum 1.660 kr.

PETER LEHMANN WEIGHBRIDGE
CABERNET SAUVIGNON MERLOT
Einfalt en vel uppbyggt vín sem best er að
drekka ungt og ferskt.
Verð í Vínbúðum 1.290 kr.



Heimalagað marmelaði

Appelsínugulur litur er gefandi og upplífandi og sagður hentugur litur í eldhús og borðstofur. Ferskar og fallegar appelsínur hafa því fagurfræðilegt gildi í eldhúsinu fyrir utan hollustuna sem í þeim býr. Það er margt hægt að gera úr appelsínunum annað er að borða þær beint „af skepnunni“.

Eitt af því er að gera heimalagað marmelaði, en þetta er einmitt árstíminn til að ná sér í góðar appelsínur ... og árstíminn til að „sulna“. Sé appelsínumarmelaði sett í flottar krukkur er voðalega búlegt að stilla þeim upp

í hillu til sýnis og njóta fallegs litarins. Það skal tekið fram að þetta er sérlega einfalt marmelaði, auðvelt er að gera af því ýmsar útgáfur og ekkert jafnast á við það heimalagaða almennt.

1 kg appelsínur
1 sítróna
1 kg sykur

Þvoið appelsínurnar og sítrónuna og skerðið í báta. Hakkið í hakkavél. Setjið hakkað

maukið í pott og hrærið sykri saman við. Látið sjóða í átta mínútur. Setjið marmelaðið heitt í tandurhreinar krukkur.

ATHUGIÐ að gott er að setja t.d. gulrætur, ferskjur, niðursoðnar ferskjur, þurrkaðar aprikósur og límónu saman við marmelaðið. Rífa þarf gulræturnar niður og hræra saman við hakkaðar appelsínurnar en annars hakka hráefnið saman við og sjóða skv. leiðbeiningum að ofan.



heilsu Jóa Fel brauð



Speltbrauð

Innihaldið: Dúsket hvítt (þótt hvítt), surt, lítið af gnet og salt.



Súrdeigsbrauð

Innihaldið: Rágnýtt, rúgkjarnar, sólkjarnar og blátt hveit.



Müslibrauð

Innihaldið: Hvítt, grótt, þykkur, málk, rúgkjarnar, salt og gnet.



Sveitabrauð

Hvítvætt hvítt, rúgkjarnar, hvítt-surt, salt og lítið af gnet.



Graskersbrauð

Innihaldið: Hvítt, rúgkjarnar, hvítt-surt, málk, blátt hveit, grótt, þykkur, gnet og salt.



Fjallabrauð

Innihaldið: Hvítt, hveit, sólkjarnar, graskersbrauð, rúgkjarnar, málk, surt, salt og gnet.



Orkubrauð

Innihaldið: Hvítt, blátt, graskerskjarnar, gnet, kúpurkjarnar, epilín og eppelkústurhjúk, þurrkaðar mættukornar og salt.



Próteinbrauð

Hvítvætt hvítt, rúgkjarnar, hvítt-surt, þurrkaðar, eggjúlatur, þurrkað og lítið af gnet.

Gómsæt heilsuþrauð að hætti Jóa Fel

Heilsuþrauðin hjá Jóa Fel eru bökuð úr fyrsta flokks hráefni. Lögð er áhersla á að hafa þrauðin sem trefjaríkust, því að trefjar skipta miklu máli til að halda góðri heilsu og hraustlegu útliti. Þrauðin innihalda ekki unninn sykurl.

Kleppsvegj 152
Smáralind

Mán. - fös. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Mán. - fös. 11 - 19. Laug. 11 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:
588 8998

Vandaðar vetrarvörur

Kynning



Next - Kringlunni
Verð 5.190



Benetton / Sisley - Smáralind
Hanskat kr. 895, trefill kr. 1.595



Focus - Kringlunni
Verð 4.990



Next - Kringlunni



Kiss - Kringlunni
Verð 1.990



Next - Kringlunni
Verð 6.990



Sautján - Kringlunni
Verð 16.990

Sautjón - Krínglunni
Verð 4.990



Noa Noa - Krínglunni
Verð 11.690



Focus - Krínglunni
Verð 6.990

Kiss - Krínglunni
Verð 3.990

Focus - Krínglunni
Verð 4.990



Kiss - Krínglunni
Verð 3.990



Benetton / Sisley - Smáralind
Verð 11.995



Gallabuxnabúðin -
Krínglunni
Verð 4.950

Förðun með haustlitunum frá Dior

Í haust leggur aðalhönnuður Dior, John Galliano, sérstaka áherslu á miklar augabróunir og náttúrulegar varir. Augnförðunin er sterk, litaglöð og áberandi en augnskuggar haustsins spanna allt frá bleiku og grænu yfir í sanserað og silfrað. Birta fékk förðunarsérfræðinga Dior á Íslandi til að sýna okkur hvernig hægt er að fá útrás fyrir sköpunargleðina með því nýjasta frá þeim.



Kamilla Finnbogadóttir fyrirsæta er hér förðuð með Dorskin Airflash spreifarðanum. Undir hann er notuð Dior grunnur, Diorskin Icon 01, Grunnurinn jafnar lit og sléttir húðina. Skinflash töfrapenninn frá Dior er notaður í kringum augun en hann veitir húðfallagan ljóma. Andlitð er að lokum púðrað með Dorskin Poudre Libre til að fá þétta og matta áferð.



Mono 008 augnskuggi er hér notaður sem hlutur grunnur undir það sem koma skal. Því næst er augnsvæðið skyggt með silfurlitnum í fimmlita boxi númer 370.



Notaður grár augnblyantur (057) í kringum augun í augnhvarmana. Mono augnskugginn 088 úr haustlitunum Dior er notaður í dýpri skyggingu upp að augnsvæðinu undir augun, sem gefur auganu fallega lögun.



Hér er Kamilla tilbúin, í lokin notuðum við Detectiv pall-ettuna til að fá aukinn ljóma og draga fram kinnbein. Á varirnar var settur Dior Lip Beautifier sem gefur vörum fallegan gljáa og gerir þær þrýstnar. Þar næst kom Varablyantur (513) og Addict Ultra Shine varalitur (420). Á augabróunir er notaður púðurblyantur (553) til að skerpa þær. Því næst eru augabróunirnar greiddar með sérstöku augabróunageli sem gefur fallega bronsáferð. Ný maskarinn Diorshow Unlimited sem lengir og brettir er notaður á augnhárin til að setja punktinn yfir i-ið.

ILSE JACOBSEN • Hornbæk



ILSE JACOBSEN
BY THE SEA
WITH LESS WOODEN

BAUM UND PFERDGARTEN
WAZA LAUF

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi - GARDABÆ

Sími
517-4806



TILBOÐ 1

Matsaman

Thailenskur kjötrettur með kjúklingakjöt og grænmeti. Steikt í matsman harrý og saltflættusósa.

Klínverksar nöðlur að hætti Mekong
Egganöðlur með kjúklingi og grænmeti.

Paneng

Thailenskur kjötrettur með nautakjöt og grænmeti. Steikt í panengharrý og kókasmassa.

Djúpsteiktur ræskjur
með sársaitri sósu.

Verð á mann kr. 1.245,-
Fyrir tvo kr. 2.490,-

Hæfilegur skammtur af hrisgrjónum

TILBOÐ 2

Geng Sheo Van

Thailenskur kjötrettur með grisakjöt. Steikt í grænu harrý (sterkt)

Kao Pad Ped

Sterk chili kryddað hrisgrjón með svínakjöt og kjúkling og grænmeti.

Tom Ka

Thailenskur kjúklingarrettur með grænmeti og kókos. (sterkt)

Pas Siú

Hrisnöðlur með grænmeti.

Verð á mann kr. 1.245,-
Fyrir tvo kr. 2.490,-

Hæfilegur skammtur af hrisgrjónum

FYRIR BÖRNIN

Hamborgari

með frönskum, sósu og gosi

Verð kr. 550,-

**FRÍ HEIMSENDING EF PANTAÐ ER
FYRIR MEIRA EN KR. 2000,-**

Tilboð eru eingöngu afgreidd fyrir tvo eða fleiri.



FÁÐU MATINN HEIM AÐ DYRUM

564 6111



MEKONG

thailensk matstupa



Sigríður B. Tómasdóttir
elur upp

Minna er meira

Minna, minna heyrst oft í húsinu heima hjá mér um þessar mundir. Það er sonurinn sem hrópar þessi orð, ekki af þeirri ástæðu að honum þyki hann fá of mikið af mat eða ýmiss konar skemmtan. Ástæðan er sú að hann, af einhverjum ástæðum, heldur að minna þýði meira. Þetta er auðvitað frekar spaugilegt – sérstaklega þegar mikið liggur við að hans mati og hann hrópar og kallar mjög ákveðinn: MINNA. Og verður svo afar fúll þegar hann fær ekki meira.

Ég hef hins vegar, eftir að þessi ruglingur var kynntur til sögunnar á heimilinu, mikið leitt hugann að orðunum meira og minna. Minna er meira, segja mínimalistar, en ég hef ekki sérstaklega aðhyllt naumhyggju hingað til. Hins vegar sýnist mér að hennar sé þörf þegar kemur að því að kaupa dót handa syni mínum, annars mun dótið hans fylla allt heimilið – nóg er nú samt.

